

DAGDEILD LYFLÆKNINGA

Upplýsingar fyrir sjúklinga

Undirbúningur fyrir komu á dagdeild lyflækninga A3 í Fossvogi

Áður en komið er á dagdeild í lyfjagjöf er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Mikilvægt er að borða áður en komið er í lyfjagjöf og hafa með sér nesti fyrir lengri lyfjagjafir.
- Fyrir lengri lyfjagjafir er gott að taka með sér einhverja afþreyingu og jafnvel teppi og kodda að heiman.

Innritun

Við komu á dagdeild lyflækninga A3 þarf að skrá sig inn með kennitölu á skjá. Innskráningarstandar eru við aðalinngang og á pallinum hjá ritara á 3. hæð.

- Fyrir lyfjameðferð er farið inn á dagdeild lyflækninga, sem er staðsett í skálanum á þriðju hæð.
- Ef lyfjameðferð er vegna taugasjúkdóms er fyrst farið í viðtal við hjúkrunarfræðing á göngudeild taugalækninga á annarri hæð, deild E2. Eftir það er farið á þriðju hæð á dagdeild lyflækninga í lyfjagjöf.

Aðstaða

- Á dagdeild lyflækninga A3 eru 10 meðferðarstólar í tveimur meðferðarrýmum.
- Áhersla er lögð á að hafa rólegt umhverfi í meðferðarrýmum. Vinsamlegast haldið símtölum í lágmarki og hafið símann stilltan á hljóðlausa stillingu.

Sjúklingar eru beðnir um að virða einkalíf annarra sjúklinga og ræðið ekki það sem þið kunnið að verða áskynja um heilsufar þeirra og hagi.

Matur og drykkir

- Á deildinni er vatn og kaffi í boði.
- Varist að koma með mat með sterkri lykt að heiman af tillitssemi við stofufélaga. Hægt er að kaupa nesti í matsal á jarðhæð.

Afþreying og heimsóknir

- Hægt er að fá aðgang að netinu í gegnum gestanet spítalans.
- Heimsóknir eru ekki leyfðar nema með undantekningum.

Símanúmer og símatími

Dagdeild lyflækninga A3, símatími alla virka daga milli klukkan 8:00 og 12:00, sími 543 6714.